



# LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustigur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Umboðsmaður Alþingis  
Þórshamri, Templarasundi 5  
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. ágúst 2022

Tilvísun embættis: 202208-290

Svar við fyrirspurn, mál umboðsmanns nr. F117/2022

- Óskað er upplýsinga um hvort og þá hvenær téð ákvörðun lögreglustjóra hafi tekið gildi og hvort henni hafi verið markaður sérstakur gildistími.

Ákvörðunin tók gildi miðvikudaginn 10. ágúst 2022, kl. 10 þegar eldgosasvæðið í Meradöllum var opnað að nýju eftir lokun dagana á undan.

Ákvörðuninni var ekki markaður sérstakur tími.

- Þess er óskað að lögreglustjóri skýri nánar á hvaða lagagrundvelli umrædd ákvörðun er reist og veiti jafnframt upplýsingar um það hvaða gögn, upplýsingar eða röksemdir hafi legið til grundvallar því mati lögreglustjóra að takmarka aðgengi barna yngri en 12 ára að svæðinu.

Ákvörðun lögreglustjóra er reist á 23. gr. laga um almannavarnir, nr. 82/2008 er heimilar lögreglustjóra á hættustundu að ákveða m.a. að banna dvöl eða umferð á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, þ.m.t. tilteknar fasteignir, taka í sínar vörlur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja folk.

Vikið er að úrræðum stjórnvalda þegar hætta ber að garði í athugasemdum við frumvarp sem síðar varð að fyrnefndum lögum og segir svo um VIII. kafla þess: „í þessum kafla frumvarpsins er mælt fyrir um valdheimildir stjórnvalda þegar hætta ber að garði. Í meginatriðum er byggt á nágildandi lögum en valdheimildir stjórnvalda eru skerptar að nokkru. Tekið skal fram að byggt er á því sjónarmiði að valdheimildunum verði að beita af varfærni og ekki gengið lengra en þörf er hverju sinni til að afstýra hætta.“ Þá segir í athugasemdum um 23. gr. frumvarpsins: „Ekki kemur skýrt fram í nágildandi lögum um almannavarnir að löggregla eða almannavarnanefndir geti tekið í sínar hendur umferðarstjórn, bannað dvöl eða umferð á ákveðnum svæðum o.s.frv., á hættustundu. Hér er tekið afskarið um heimild lögreglu að þessu leyti.“

Lögreglustjóri kynnti tillögu sína um að takmarka aðgengi barna yngri en 12 ára að svæðinu á fundi viðbragðsaðila að morgni dags þann 9. ágúst sl. og bar upp við fundarmenn hvort þeir settu sig upp á móti henni eða samþykktu.

Hlaut tillaga lögreglustjóra fullan stuðning allra fundarmanna en fundinn sátu fulltrúar aðgerðastjórnar, vettvangsstjórnar og samhæfingar- og stjórnstöðvar, sjá til hliðsjónar 11. og 12. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.



# LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Frá upphafi gossins hafa viðbragðsaðilar haft uppi efasemdir um að rétt væri að hleypa foreldrum með ung börn sín inn að gosstöðvunum þar sem um langa og torsótta leið væri að fara og engan veginn hægt að tryggja loftgæði nær eldstöðvunum og þar með öryggi barna. Gangan upp gönguleið A að gossprungunni er um það bil 7 km löng og 300 metra hækjun er á leiðinni. Gönguleiðin er víða erfið yfirferðar enda mjög grýtt á köflum og þá eru brattar brekkur nálægt eldstöðinni og getur gangan tekið 4 til 5 klukkustundir fram og til baka. Þá skiptir máli hvar bílum er lagt á bílastæðum við Suðurstrandarveg miðað við upphafsstað göngunnar og getur því lengt gönguna eftir atvikum.

Áætla má að um og yfir 90% þeirra sem fara um svæðið velji gönguleið A upp að gosstöðvunum eins og hér hefur verið lýst. Útsýnisstaður við enda gönguleiðar A er í góðri hæð og í ca. 600 metra fjarlægð frá gossprungunni.

Aðstæður á gosslóð eru aðrar en þegar gaus í Geldingadöllum í fyrra. Þannig liggur ný gosprungu fjarlægð frá bílastæðum en í fyrra gosi. Takmarkanir vegna Covid-19 eru ekki lengur til staðar og fjöldi erlendra ferðamanna kemur til landsins á hverjum degi.

Aðgerðastjórn, vettvangsstjórn og samhæfingar- og stjórnstöð funda daglega kl. 8:30 þar sem farið er yfir stöðu mála. Fundirnir eru fjarfundir á samskiptaforritinu Teams.

Lögreglustjóri sendi helstu fréttamiðlum landsins tölvupóst þriðjudaginn 9. ágúst sl. þar sem hann m.a. kynnti þá ákvörðun sína að takmarka aðgengi barna yngri en 12 ára að gosstöðvunum.

Ákvörðunina tók lögreglustjóri eftir fund með viðbragðsaðilum þá um morguninn.

Tölvupósturinn er svohljóðandi:

„Góðan dag.

*Erfiðlega hefur gengið að hefta för foreldra með ung börn inn að gosinu sem í flestum tilfellum eru erlendir ferðamenn og það práttr fyrir góða upplýsingagjöf um að gossvæðið sé ekki staður fyrir ung börn að dvelja á. Börn og foreldrar þeirra hafa í mörgum tilfellum verið mjög illa búin og svo virðist sem fólk geri sér enga grein fyrir því hvar það erstatt og hvað býður þeirra á erfiðri og langri göngu að gosstöðvunum.*

*Að gefnu tilefni og með hagsmuni barna að leiðarljósi hefur lögreglustjórin á Suðurnesjum því ákveðið að takmarka aðgengi barna yngri en 12 ára að gosstöðvunum þegar svæðið er opioð.*

*Eftirlit lögreglu og björgunarsveita verður með umferð ökutækja um Suðurstrandarveg. Eftirlit gangi eftir með þeim hætti sem nú er tilkynnt.*

*Heimild fyrir aðgerðum lögreglustjóra er sótt i 23. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.“*

Lögreglustjóri horfði til frásagna og reynslu viðbragðsaðila við störf á gossvæðinu á fyrstu dögum gossins. Mikið áhyggjuefni voru tið afskipti þeirra af foreldrum með ung börn sín en foreldrar sýndu kurteisislegum afskiptum viðbragðsaðila oft líttinn skilning og hundsúð jafnvel leiðbeiningar sem þeim voru gefnar. Vakti athygli að fjölskyldur voru oft engan veginn í stakk búnar til að ganga upp að gosinu. Í flestum tilfellum var um að ræða erlenda ferðamenn. Fréttatflutningur, ljósmyndir, myndskeið og frásagnir reyndra íslenskra leiðsögumanna um erfiðar og lífshættulegar aðstæður barna inn á hættusvæði vakti athygli lögreglustjóra á ástandi sem þurfti tafarlaust að bregðast við. Þá hafa börn minna þol gagnvart loftmengun og eru skilgreind sem viðkvæmur hópur og ekki ráðlegt að börn dvelji lengur en 15 mínútur á stað þar sem loftmengun er yfir heilsuverndarmörkum. Þannig voru sjónarmið landlæknis lögð til grundvallar ákvörðun lögreglustjóra þótt það væri ekki sérstaklega tekið fram í framangreindri tilkynningu. Þá var nauðsynlegt að koma í veg fyrir að björgunarsveitarmenn þyrftu að koma börnum til aðstoðar vegna ofkælingar og þreytu. Taka þurfi tillit til viðbragðstíma viðbragðsaðila og þess mannafla sem til staðar er á svæðinu á hverjum tíma.



# LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustigur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Lögreglustjóri hefur það vandasama starf með höndum að tryggja öryggi almennings í almannavarnaástandi. Hafi hann heimild lögum samkvæmt til að vísa á brott eða fjarlægja fólk í hættuástandi þá gerir lögreglustjóri ráð fyrir því að löggjafarvilji standi jafnframt til þess að hann beiti vægara og mildara úrræði á hættustund með þeim hætti sem gert var með hagsmuni barna að leiðarljósi, varnarlausum börnum undir 12 ára aldri, sem geta ekki annað en fylgt ákvörðunum foreldra sinna.

Horft var til líkamlegs og andlegs þroska barna þegar lögreglustjóri ákvað að miða við yngri börn en 12 ára.

Þegar lögreglustjóri tilkynnti ákvörðun sína var lokað fyrir umferð inn á gossvæðið. Opnað var inn á svæðið að nýju miðvikudaginn 10. ágúst sl. og neðangreindur tölvupóstur sendur út til helstu fjölmíðla landsins:

„Góðan dag.

Eins og komið hefur fram þá hefur verið opnað aftur inn á gossvæðið og er ferðamönnum ráðlagt eindregið að ganga gönguleið A en unnið hefur verið að lagfæringum á þeiri leið í svarta þoku og mikilli úrkotum. Enn er unnið að úrbótum. Leiðin er þó erfið yfirferðar. Veður hefur skánað og því ekki lengur ástæða til að halda lokun til streitu.

Foreldrum með börn yngri en 12 ára verður snúið frá leið A af öryggisástæðum að svo stöddu. Áætla má að ferðalagið taki að lágmarki 5 til 6 klukkustundir. Gætt getur gasmengunar á gönguslóð og þá sérstaklega í nálægð við gosið. Börn hafa minna þol gagnvart loftmengun og eru skilgreind sem viðkvæmur hópur. Þá er ekki ráðlegt að börn dvelji lengur en 15 mínútur á stað þar sem loftmengun er yfir heilsuverndarmörkum, sjá upplýsingar á heimasiðu embættis landlæknis.

Frá útsýnissað við enda gönguleiðar A sem liggar hátt yfir gossvæðinu eru ca. 600 metrar í gosspprunguna sjálfa. Það tekur göngumann um 2 klukkustundir eða lengur að ganga að þessum útsýnissað. Hækkin í landi er um 300 metrar.

Það hefur reynst erfitt að fá erlenda ferðamenn til að fara að fyrirmælum lögreglu og það þrátt fyrir að þau hafi rækilega komið fram á samfélagsmiðlum og í sjálfvirkum textaskilaboðum frá 112. Þrátt fyrir lokanir síðustu daga hafa þeir streymt að og ætlað inn á lokað svæði. Það er áhyggjuefni. Síðasta sólarhring hafa aðgerðir viðbragðsaðila gengið vel og lokanir inn á svæðið hafa haldið. Ákvörðun um takmarkað aðgengi var m.a. tekin með hliðsjón afframansögðu.

Samkvæmt talningu Ferðamálastofu um fjölda ferðamanna á gönguslóð, frá upphafi fyrra goss, hafa 451.797 farið um gossvæðið. Gera má ráð fyrir því að sú tala sé í reynd mun hærra.

Aðgerðir viðbragðsaðila hingað til eru mjög umfangsmiklar en hafa gengið vel. Eflaust eru þeir margir sem efast jafnframt um þann greiða aðgang sem almenningur hér á landi á að þessum stórbrotnu náttúruhamförum. Það eitt og sér er umhugsunarefnin.“

Lögreglustjóri vekur athygli á efni þessa tölvupósts þar sem valdheimildum er beitt af varfærni og ekki gengið lengra en nauðsyn krefur.

### 3. Hvort og þá með hvaða hætti lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafi kynnt almenningi ákvörðun sína eða hyggist gera slíkt.

Fréttatilkynning var send helstu fjölmíðlum landsins um leið og ákvörðun lögreglustjóra lá fyrir. Var það gert með tölvupósti og fékk strax mikla umfjöllun og útbreiðslu.

Virðingarfyllst,